



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: *Undirbúningur að stofnun neyðarhúsnæðis fyrir heimilislausa karlmenn*

Lagt er til að velferðarráð samþykki að komið verði á fót neyðarhúsnæði fyrir 6-8 heimilislausa karla sem dvalið hafa í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar. Um er að ræða húsnæði Félagsbústaða í miðborg Reykjavíkur. Starfshópi verði falið að hefja undirbúning að úrræðinu og leggja fram kostnaðarmetna tillögu fyrir fund velferðarráðs þann 14. september n.k.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg rekur tvö neyðarskýli fyrir heimilislausa karla. Á vor- og sumarmánuðum hefur borið á mikilli ásókn í neyðarskýlin þannig að fleirum hefur verið veitt gisting en gert er ráð fyrir í kröfulýsingu starfseminnar. Hefur þetta valdið erfiðleikum við að tryggja öryggi gesta og starfsfólks og hafa avikaskráningar aukist.

Á fundi velferðarráðs þann 25. maí 2022 var samþykkt svohljóðandi tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs:

Lagt er til að samþykkt verði heimild til að ráða í 6,4 stöðugildi til að bæta þriðja starfsmanni á vaktir í neyðarskýlum borgarinnar að Grandagarði 1a og Lindargötu 48, vegna aukinnar ásóknar í skýlin. Kostnaður vegna stöðugildanna er 46 m.kr á árinu, sem rúmast ekki innan fjárheimilda sviðsins. Enn fremur að velferðarsviði verði veitt heimild til að taka á leigu tímabundið húsnæði með auknum gistimöguleikum til að svara aukinni eftirspurn.

Velferðarsvið leggur til á grundvelli samþykktar velferðarráðs, með staðfestingu borgarráðs að húsnæði Félagsbústaða í miðborginni verði nýtt sem tímabundið neyðarhúsnæði fyrir allt að 6-8 karla sem dvalið hafa í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar og ekki hefur tekist að finna viðeigandi húsnæði. Í húsnæðinu sem er 200 fm.² eru sex svefnherbergi, fjögur baðherbergi, auk eldhúss, stofu og borðstofu. Húsið er á þremur hæðum. Innangengt er í uppgerðan bílskúr sem nýta má sem neyðarpláss fyrir tvo einstaklinga. Gert er ráð fyrir að húsnæðið verði tilbúið til innflutnings í október n.k.

Húsnæðið yrði skilgreint sem neyðarhúsnæði en í fyrirliggjandi drögum að reglum Reykjavíkurborgar um tímabundið félagslegt leiguhúsnæði er neyðarhúsnæði skilgreint á eftirfarandi hátt:

Neyðarhúsnæði er tímabundið félagslegt húsnæði sem Reykjavíkurborg getur stofnað með litlum fyrirvara vegna sérstakra aðstæðna sem upp koma í þjóðfélaginu og er það þá ætlað einstaklingum sem eru húsnæðislausir og hafa ekki í önnur hús að venda á meðan unnið er að framtíðarlausn í húsnæðismálum. Ekki er um að ræða úrræði sem alltaf eru til staðar og almenningur getur gengið að vísum. Umsækjendur þurfa að hafa færni og getu til að fylgja húsreglum og búa í nánú samneyti við aðra íbúa. Íbúar skulu þiggja stuðning félagsráðgjafa/ráðgjafa á meðan leigusamningur er í gildi. Neyðarhúsnæði getur verið skilgreint annað hvort fyrir einstaklinga sem eru með alvarlegan vímuefnavanda og í virkri neyslu eða fyrir einstaklinga sem eiga ekki við vímuefnavanda að stríða.

Á fundi velferðarráðs 25. maí sl. og á fundi borgarráðs 10. júní sl. var samþykkt 46 m.kr. fjárheimild fyrir 6,4 stg. til loka árs 2022 sem ætlað var að mæta kostnaði við eitt viðbótarstöðugildi á vakt í hvoru neyðarskýlinu. Í nýju úrræði verða þessi 6.4 stg. nýtt en metið er að bæta þurfi við stöðugildum til að hægt verði að halda úti sólarhringsvakt og sinna stuðningi við íbúa. Starfshópi verður falið að leggja fram kostnaðarmetnar tillögur á næsta fundi ráðsins þann 14. september n.k. Gert er ráð fyrir að íbúar greiði leigu.

Fylgiskjöl:

Erindisbréf starfshóps dags. 5. ágúst 2022

Jafnréttisskimun dags. 5. ágúst 2022